

Auglýsing.

19

16. marz.

Þeir 2 alþingismenn, sem kosnir hafa verið fyrir Árnessýslu kjördæmi um tíma-
bilið frá 1. septbr. 1880 til 1. septbr. 1886, síra Valdimar Briem og cand. theol. Magnús
Andrjesson hafa afsalað sjer kosningu þessari sökum þess, að þeir ætla, að þeir gallar hafi
verið á henni, að ekki megi búast við, að hún verði dæmd gild af alþingi. Fyrir því er
hjer með samkvæmt 27. gr laga um kosningar til alþingis frá 14. septbr. 1877 fyrirskipað,
að ný kosning á 2 alþingismönnum fyrir Árnessýslu, í stað þeirra, er hafa afsalað sjer kosn-
ingunni, skuli framfara fyrir 20. júní þ. á.

Þetta er hjer með birt öllum hlutadeigöndum, og er lagt fyrir kjörstjórnina í Árn-
essýslu að undirbúa og framkvæma kosningu þessa samkvæmt reglum þeim, er settar
eru þarum í nefndum kosningarlögum.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 16. marz 1881.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

Auglýsing.

20

25. marz.

Í sambandi við auglýsingu mína frá 26. nóvbr. 1880 (stjtið. B. 164) skal hjer
með ákveðið að 4. ferð landspóstanna á yfirstandandi ári skuli hagað líkt og 2 síðast-
liðin ár, sjá einkum ferðaáætlunina frá 25. nóvbr. 1878 (stjtið B. 157).

Samkvæmt þessu eiga landpóstarnir að leggja af stað frá endastöðvum aðalpóst-
leiðanna, sem hjer segir:

A. Aðalpósturinn milli Ísafjarðar og Reykjavíkur
fer frá Ísafirði 2. júní þ. á. frá Reykjavík 20. júní.

B. I. Aðalpósturinn milli Akureyrar og Reykjavíkur
fer frá Akureyri 2. júní, frá Reykjavík 19. júní.

B. II. Aðalpósturinn milli Seyðisfjarðar og Akureyrar
fer frá Seyðisfirði 17. júní, frá Akureyri 5. júlí.

C. I. Aðalpósturinn milli Reykjavíkur og Prestsbakka
fer frá Reykjavík 21. júní, frá Prestsbakka 4. júlí.

C. II. Aðalpósturinn milli Prestsbakka og Eskifjarðar
fer frá Prestsbakka 2. júlí, frá Eskifirði 26. júlí.

Aukapósturinn frá Stykkishólmi fer frá Stykkishólmi 4. júní.

Ákvarðanir þær, sem settar eru með tilliti til aukapóstanna í auglýsingu 26.
nóvbr. 1880 gilda einnig fyrir hina hjer um ræddu 4. póstferð.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 25. marz 1881.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

EMBÆTTASKIPUN.

Hinn 1. febrúar var aðstoðarprestur að Saurbæ síra Árni Þorsteinsson skipaður prestur
að Rip í Skagafjarðar prófastsdæmi frá næstkomandi fardögum.

14. s. m. var prestur að Brjámslæk síra Ólafur Ólafsson skipaður prestur að Garpsdal í
Barðastrandar prófastsdæmi frá næstkomandi fardögum.

28. marz var prestinum að Knappstöðum í Skagafjarðar prófastsdæmi síra Páli Tómassyni
veitt lausn frá embætti frá næstkomandi fardögum með eptirlaunum samkvæmt lögum 27. febrúar 1880.

29. s. m. var prestur að Præsthólum síra Þorleifur Jónsson skipaður prestur að Skinna-
stöðum, Skinnastaða og Garðs sóknum í Norður-Þingeyjar prófastsdæmi frá næstkomandi fardögum.

Hinn 30. marz 1881.